

Fundur 20.05 mættir, Anna Lilja, Haukur, Rósa, Fanney.

Gjaldkeri var með bókhaldið á hreinu og einungis tveir bekkir höfðu nýtt sér bekkjarkvöldastyrk í vetur, bæði uppá 10þ kr. 8.bekkur sem hélt Kahoot spurningakvöld í skólanum og 6.bekkur sem við vitum ekki hvað gerði saman.

Umræðan um að hafa ákveðna upphæð á haus kom aftur upp og við samþykktum að skoða það frekar með haustinu.

Einnig verður bekkjum skipt niður í tvo hópa og foreldrar fjögurra barna litaðir í hvorum hóp. Þessir foreldrar bera ábyrgð á að haldin séu bekkjarkvöld eitt fyrir áramót og eitt eftir áramót og munum við senda foreldrahópnum póst þess efnis í byrjun skólans og á nýju ári fyrir seinni hóp, ásamt hugmyndum að bekkjarkvöldum.

Kröfur fyrir foreldrafélagið fara út vonandi fyrir mánaðarmót sept.-okt. jafnvel ág.-sept., Anna Lilja heyrir í Kristjönu.

Hugmynd kom frá gjaldkera að eftirláta 180þ sem var búið að áætla til bekkjarkvölda til skólastjórnenda til nýtingar á vorþemadögum. Fanney sendi Bryndísi póst en hefur ekki fengið svar.

Einhverjir stjórnarmeðlimir verða leystir frá störfum í vor nema þeir kjósi að vera áfram. Við sem sitjum áfram óskum þess að fráfarandi meðlimir tilnefni foreldri til setu í foreldrafélaginu í sinn stað fyrir aðalfund svo ekki komi til kosninga á aðalfundi.

Aðalfundur er áætlaður strax í byrjun skólaárs í haust og við leggjum hausinn í bleyti fyrir skemmtilegum fyrirlesara til að koma á aðalfund með stutta tölu.

Fundi slitið.